

Ed.

350. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema um það áfengi sje að ræða, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa.

Nú kemur erlent skip frá útlöndum og er þá skipstjóra skylt að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsgli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsigli og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglian í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

2. Við 3. gr.

Greinin orðist svo:

Nú er maður ölvaður á almannafæri, og raskar ró og almannafriði, eða er ósjálfbjarga, og má þá taka hann fastan, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur. Svo má og láta hann sæta sektum frá 10 til 100 krónur.

Skyllt er hverjum ölvuðum manni að gera fyrir dómara grein fyrir því, hvernig hann hafi fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

3. Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannlaga. Áfengi er íslenskt skip flytja til landsins, að fráteknunni því áfengi, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa, skal upptækt og er eign lands-sjóðs.

4. Við 6. gr.

Greinin orðist svo:

5. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 er úr gildi feld.